

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, Mjósund 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. maí 2007 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, Mjósund 8, í Hafnarfirði. Deiliskipulagsbreytingin felst í að byggingarreitur íbúðarhúss er færður austar á lóð, hann stækkaður og gerður nýr byggingarreitur fyrir lítið gróðurhús. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar; Fornubúðir 1, Cuxhavengata 1 og Óseyrarbraut 12-14.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. maí 2007 breytingu á deiliskipulagi Suðrhafnar; Fornubúðir 1, Cuxhavengata 1 og Óseyrarbraut 12-14, í Hafnarfirði. Deiliskipulagsbreytingin felst í að lóð og byggingarreitur á lóð nr. 1 við Fornubúðir stækkar um 2 m til vesturs. Heildarhæð byggingar á lóð nr. 1 við Cuxhavengötu verður 16 m í stað 13 m og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,4 í 0,55. Einnig er gerð kvöð um akstur að lóð nr. 12-14 við Óseyrarbraut. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 12. júní 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2007